

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 126/2020

frá 25. september 2020

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1675 frá 4. október 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32019 R 1675**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1675 frá 4. október 2019 (Stjtið. ESB L 257, 8.10.2019, bls. 6).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzm (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/29):

„13zzzzzzzzzzn. **32019 R 1675**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1675 frá 4. október 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Verticillium albo-atrum* af stofni WCS850 sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á

⁽¹⁾ Stjtið. ESB 257, 8.10.2019, bls. 6.

markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 257, 8.10.2019, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1675, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.